

Alþingi
Erindi nr. P 122/2536
komudagur 12.6.'98

SJÁVARNYTJAR
HÖFN, INGÓLFSSTRÆTI 1
101 REYKJAVÍK
SÍMI: 551 0500
FAX: 552 7969

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Samgöngunefndar
Þórshamri v/Templarasund
150-Reykjavík.

Reykjavík 9/6/98

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um setningu reglna um hvalaskoðunarferðir við Ísland.

Sjávarnytjar þakka bréf yðar þann 7. maí 1998 og óska eftir að koma eftirfarandi á framfæri.

Sjávarnytjar eru samtök einstaklinga, félaga og fyrirtækja sem áhuga hafa á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda og hafa samtökin sérstaklega beitt sér fyrir því að hvalveiðar við Ísland verði hafnar strax samkvæmt tillögum Hafrannsóknarstofnunar.

Varðandi umrædda tillögu viljum við segja að samtökin hafa ekkert á móti hvalaskoðunarferðum og telja að það sé ágæt viðbót við aðra möguleika sem ferðamönnum bjóðast á Íslandi. Við teljum einnig að hvalaskoðun og hvalveiðar geti farið mjög vel saman og erum þess reyndar fullviss að ekki sé síður áhugi meðal ferðamanna að skoða hvalavinnslu eins og þúsundir ferðamanna gerðu þegar hvalstöðin í Hvalfirði var í rekstri.

Við viljum gera eftirfarandi athugasemdir við fullyrðingar sem fram koma í greinargerð með tillögunni.

1. "Hvalaskoðun er leið til umhverfissvænnar nýtingar hvala hér við land". Í þessari fullyrðingu felst að sú nýting sem hefur verið á hvöllum hér við land sé ekki umhverfissvæn. Það er skoðun okkar að sjálfbær nýting á náttúruauðlindum sé umhverfissvæn nýting og vegna stjórnunar Íslendinga á hvalveiðum sínum til fjölda áratuga hafi hér verið um að ræða nýtingu sem var í fullu samræmi við hugmyndir Íslendinga um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.
2. Þær tekjur þjóðarbúsins af hvalaskoðun sem settar eru fram án rökstuðnings í greinargerðinni eru hreint ótrúlegar og standast engan veginn. Það að heildarþáttaka 20,000 ferðamanna Íslenskra og erlendra, fullorðinna og barna, geti skilað 43,000 krónum á hvern þáttakenda þegar ferðin kostar samkvæmt upplýsingum sömu aðila 2,500 krónur á hvern fullgreiddandi ferðamann gengur ekki upp. Ef miðað er við fjölda ferðamanna sem sækja staði eins og Geysi í


Haukadal, Bláa Lónið og Nesjavallavirkjum og notaðar eru sömu reikningskúntir þá skila þeir staðir okkur meiri tekjum en áætlað er að ferðaþjónustan skili í heild sinni í þjóðarbúið. Munurinn á þessum stöðum og hvalaskoðunum er hins vegar sá að þeir eru einstakir í heiminum og fólk fer ekki annað að skoða sambærilega staði, en hvalaskoðunarferðir er hægt að fara í út um allan heim og hlutur okkar Íslendinga á þeim markaði er ekki stór.

3. Varðandi þá fullyrðingu að Alþjóða hvalveiðiráðið hafi nýverið sett reglur um hvalaskoðunarferðir þá kannast undirritaður sem sem var fulltrúi á fundum ráðsins 1997 og 1998 ekki við þær reglur. Aðeins hefur verið rætt um hvalaskoðun þá ekki sist áhrif hvalaskoðunar á hvali og hvort sérstök ástæða sé til að setja reglur sem vernda hvali gegn hvalaskoðunarfólki. En satt best að segja hefur áhugi fundarmanna verið mjög takmarkaður og málið ekki hlotið afgreiðslu á fundum ráðsins.

Það er alvarlegt þegar aðilar setja fram svo villandi upplýsingar sem fram koma í þeirri greinargerð sem fylgir þingsályktuninni. Með málflutningi sem þessum er greinilega ætlað er að blekkja opinbera aðila sem og almenning. Þetta segjum við vegna þess að talsmenn þeirra sem stunda hvalaskoðanir með ferðamenn hafa haldið því itrekað fram opinberlega í fölmíðlum að meiri tekjur megi hafa af hvalaskoðunum en hvalveiðum í framtíðinni. Sá málflutningur er reyndar í samræmi við málflutning erlendra friðunarsamtaka sem berjast gegn hvalveiðum og hafa stuðlað að uppbyggingu hvalaskoðunarferða. Þessir erlendu aðilar stóðu m.a. fyrir endurgjaldslausu námskeiði hér á landi fyrir þá sem áhuga höfðu á að stunda þessa atvinnugrein. Við komum ekki auga á aðrar ástæður fyrir afstöðu þeirra sem talað hafa fyrir hönd hvalaskoðunarfyrtækja en að þeir séu með þessu að borga fyrir sig. Það er okkur reyndar ráðgáta hvers vegna þessir aðilar stilla þessum atvinnugreinum upp á móti hvor annarri þegar dæmi frá Noregi sýna okkur að þær fara vel saman, en þar í landi hefur verið mjög góð aukning í hvalaskoðunarferðir þrátt fyrir stöðuga aukningu í hvalveiðum þeirra undanfarin ár.

Það er greinilegt að flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu hafa ekki undirbúið málflutning sinn sem skyldi. Sjávarnytjar skora þess vegna á samgöngunefnd að sjá til þess að þessar tillögur verði ekki samþykktar á þessum röngu forsendum. Ef þeir aðilar sem stunda hvalaskoðun hér við land telja að setja þurfi sérstakar reglur um þennan þátt í ferðaþjónustunni þá er rétt að skoða það mál. En það er lágmarkskrafa þeirra sem hafa haft og munu hafa atvinnu af hvalveiðum og vinnslu í framtíðinni að í málflutningi á Alþingi sem og á öðrum vettvangi sé farið með rétt mál.

F.h. Sjávarnytja


Jón Gunnarsson, formaður